REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 494/1992, um innflutningsgjald af bensíni og sérstakt bensíngjald til ríkissjóðs.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald - bensíngjald - af bensíni sem hefur verið tekið til tollafgreiðslu fyrir 1. júlí 1993.

2. gr.

1. málsl. 2. gr. orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt bensíngjald af innflutningi á bensíni sem hefur verið tekið til tollafgreiðslu fyrir 1. júlí 1993.

3. gr.

Reglugerð þessi, sett skv. heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. júní 1993.

F. h. r.
Jón H. Steingrímsson.

Snorri Olsen.

24. júní 1993 Nr. 257

REGLUGERÐ

um fyrirframinnheimtu sérstaks tekjuskatts á árinu 1993.

1. gr.

Fyrirframgreiðsla vegna væntanlegrar álagningar sérstaks tekjuskatts ársins 1994 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til og með desember 1993.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu eru fyrsti dagur hvers mánaðar.

2. gr.

Fyrirframgreiðsla sérstaks tekjuskatts skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1993 vegna tekna á árinu 1992 að því marki sem hann er umfram 2.400.000 kr. hjá einstaklingi og 4.800.000 kr. hjá hjónum.

Þeir sem skattskyldir voru hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, einungis hluta úr árinu 1992 vegna brottflutnings skulu undanþegnir fyrirframgreiðsluskyldu, svo og dánarbú þeirra sem létust á því ári.

3. gr.

Skattstjóri skal ákveða fyrirframgreiðslu og skal gjaldanda tilkynnt um hana og greiðslumáta hennar.

4. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast um innheimtu fyrirframgreiðslu hver á sínum stað. Fella skal niður fyrirframgreiðslu sem ekki nær 500 kr.

5. gr.

Gjaldandi getur sótt um lækkun á fyrirframgreiðslu skv. 3. gr. til skattstjóra. Skal hann þá sýna fram á að fyrirframgreiðslan sé of hátt ákvörðuð miðað við þær tekjur sem hann komi til með að hafa á árinu 1993.

Skatttjóri skal að jafnaði taka til greina slíka umsókn ef sýnilegt er að fyrirframgreiðslan er of hátt ákvörðuð.

Nú leiðréttir skattstjóri tekjuskattsstofn til lækkunar og skal hann þá um leið leiðrétta fyrirframgreiðsluskyldu, enda sé leiðrétting gerð fyrir 1. janúar 1994.

6. gr.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að greidd fyrirframgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari hefur verið of há, og skal mismunurinn þá taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er við upphaf fyrirframgreiðsluskyldu og 1. júlí á álagningarári og þeirri fjárhæð sem þannig fæst skal skuldajafnað við önnur opinber gjöld eftir almennum reglum eða greidd út í einu lagi.

7. gr.

Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar greiðslum samkvæmt þessari reglugerð.

8. gr.

Um greiðslur samkvæmt þessari reglugerð fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða V í I. kafla laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1993.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.